



Þinggerð 57. ársþings

8. febrúar 2003 – Hótel Loftleiðum, Reykjavík

Þinggerð 57. ársþings KSÍ,**haldið á Hótel Loftleiðum, Reykjavík, 8. febrúar 2003.****Þingið setti formaður KSÍ, Eggert Magnússon, 8. febrúar kl. 10:00 og mælti svo:**

Þórólfur Árnason, borgarstjóri í Reykjavík,
Sigríður Jónsdóttir, varaforseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands,
Sigurður G. Guðjónsson, forstjóri Norðurljósa,
Líney Rut Halldórsdóttir, Íþróttafulltrúi Ríkisins.

Ágætu þingfulltrúar og góðir gestir.

Ég býð ykkur öll velkomin á 57. ársþing KSÍ haldið í Reykjavík. Þetta 57. ársþing er tímamótþing, fyrsta ársþing KSÍ sem haldið er á einum degi. Vissulega hefur þetta breytingu í för með sér á þinghaldinu, en mun gera störf þingsins markvissari og sparar bæði tíma og fjármuni.

En ágætu félagar.

Enn einu sinni erum við mætt á árlegt þing Knattspyrnusambandsins. Það er ávallt tilhlökkun þegar ársþing nálgast að eiga í vændum að hitta alla félagana í hreyfingunni og fá tækifæri til að ræða við þá um okkar sameiginlega áhugamál, knattspyrnuna. Þó að við séum ekki alltaf sammála, og deilum um áherslur og framkvæmd mála, þá sameinumst við öll um það takmark okkar að gera knattspyrnuna á Íslandi betri og byggja upp sterka knattspyrnuhreyfingu. Á ársþingi fer fram uppgjör á þeim hlutum sem við höfum verið að vinna að á yfirstandandi ári og þar mótum við líka stefnuna fram á við. En ársþing er ekki bara umfjöllun um lög og reglur og starfsemina fyrr og nú og í framtíð. Það er vettvangur skoðanaskipta á göngum, í hliðarherbergjum, í kaffihléum og yfirleitt allsstaðar þar sem tækifæri gefst meðan þing stendur yfir. Ef til vill er þetta ekki síður mikilvægt en þingstörfin sjálf. Menn kynnast, heyra sjónarmið annarra víðsvegar af landinu og eiga auðveldara með að starfa saman í hreyfingunni eftir að hafa kynnst og skipst á skoðunum. Á ársþingum förum við yfir þá hluti sem við höfum verið að vinna að á yfirstandandi ári og mótum jafnframt stefnu knattspyrnuhreyfingarinnar fyrir næsta ár og framtíðina. Að afloknu keppnistímabili setjast menn niður og gera upp árangurinn, fara yfir það sem miður hefur farið og einnig það sem vel hefur til tekist. Við metum árangurinn miðað við sett markmið, endurskoðum leikaðferðir og skoðum lokaniðurstöður. Eitt af því sem gerir knattspyrnuna svo töfrandi er að það er enginn lokaáfangi. Framundan er ávallt nýtt keppnistímabil, nýtt mót, ný eftirvænting, ný markmið að setja sér. Góðir sigrar kalla á áframhaldandi velgengni. Ef miður hefur gengið er markmiðið sett hærra – það gengur bara betur næst. Í knattspyrnunni eru ávallt nýir tímar framundan, ný mót, ný verðlaun, ný tækifæri og ný markmið að setja sér. Já, knattspyrnan er svo sannarlega töfrandi íþrótt og það er höfuðástæðan fyrir því að við margir forystumenn í þessari göfugu íþrótt endumst svo lengi í störfum og hittumst ár eftir ár á árlegum þingum Knattspyrnusambandsins til að bera saman bækur okkar og ávallt með það háleita markmið að gera betur næst.

Knattspyrnuhreyfingin er öflug hreyfing, hún stendur á styrkum stöðum í íslensku þjóðfélagi og ef til vill hefur hún aldrei staðið sterkar í þjóðfélaginu en í dag. Til að viðhalda þessum vinsældum ber okkur sífellt að horfa til framtíðar og skoða hvernig við getum gert enn betur. Eitt slíkt framfaramál hefur verið mjög áberandi í okkar starfi á liðnu starfsári og það er leyfiskerfið. Leyfiskerfið var til umræðu á síðasta ársþingi og síðan hefur mikil vinna átt sér stað í undirbúningi við framkvæmd þess. Haldnir hafa verið fundir með forystumönnum félaga í Símadeild, bæði sameiginlegir vinnufundir svo og fundir með forystumönnum einstakra félaga. Einnig voru á sama tíma haldnir fundir með bæjarstjórum og forystufólki þeirra bæjarfélaga sem eiga félög í Símadeildinni og þeim kynnt

leyfiskerfið og hvaða skyldur það setur á félögin. Brýnt var fyrir þeim að það sé nauðsynlegt að bæjarfélögin komi til móts við félögin varðandi uppbyggingu mannvirkja til að uppfylla kröfur leyfiskerfisins innan tiltekins frests. Það er ljóst að félögin í Símadeild eru að flestu leyti vel undirbúin til að takast á við leyfiskerfið, en á sumum stöðum þarf sérstakt átak til að uppfylla kröfur varðandi mannvirki. Ég verð að lýsa hér yfir sérstakri ánægju með þann skilning og velvilja sem bæjaryfirvöld vítt og breitt um landið sýndu þessu máli og allir gerðu sér grein fyrir að hér var um mikið framfaramál fyrir íslenska knattspyrnu að ræða. Einnig var gleðilegt að heyra beint frá þessum aðilum hversu mikla þýðingu það hefur fyrir einstök bæjarfélög að eiga lið í Símadeildinni. Það sem er enn mikilvægara fyrir framgang þessa máls er að forystumenn félaganna okkar virðast gera sér grein fyrir mikilvægi þess og ætla að taka það föstum tókum frá byrjun. Hér er um stórt framfaramál að ræða í íslenskri knattspyrnu ef vel tekst til og ég hvet alla sem eiga hlut að þessu máli að vinna því fylgi á komandi starfsári.

Annað stórmál í knattspyrnuhreyfingunni á liðnu starfsári voru nýju félagaskiptareglurnar frá FIFA (Alþjóða knattspyrnusambandinu). Það verður að segjast eins og er að þar virðist ekki hafa tekist vel til í mörgum atriðum og um þessar mundir er knattspyrnuhreyfingin í Evrópu í miklum vandamálum við að túlka þessar nýju félagaskiptareglur og ýmislegt sem ekki fást svör við hjá FIFA. Það er óhætt að fullyrða hér að þetta er mikið hitamál í Evrópu um þessar mundir og ljóst að ekki eru enn öll kurl komin til grafar. Knattspyrnuhreyfingin er í eðli sínu íhaldsöm hreyfing sem flagnar ekki að neinu með írafári eða skammsýnum ákvörðunum sem standast ekki tímans tönn. Þetta hefur ætíð verið styrkur knattspyrnunnar og gert hana að langvinsælustu íþrótt heims. Ég tel að FIFA þurfi að staldra aðeins við og skoða þetta mál betur á næstunni þannig að bæði þeir og hreyfingin skilji betur hvað hér liggur að baki. En í ljósi umræðu hér heima að undanförunu um Evrópusambandið er rétt að þingheimur rifji upp hér að nýju að félagaskiptareglurnar verða til í þeim tilgangi að þóknast kröfum Efnahagsbandalagsins og “skrifræðisvaldinu” í Brüssel.

Góðir þingfulltrúar.

UEFA (Knattspyrnusamband Evrópu) hefur unnið frábært starf á undanförunum 10 árum sem aðildarþjóðirnar og félög þeirra hafa notið góðs af, ekki síst fjárhagslega. “Champions league” (Meistaradeild Evrópu) er í dag fyrirmynd fyrir aðrar íþróttagreinar um allan heim hvernig á að markaðssetja og framkvæma slíka keppni. Hinar miklu vinsældir Meistaradeildarinnar hafa skapað mest af þeim tekjum sem eru til skiptanna hjá UEFA. Stefna UEFA hefur alla tíð verið sú að deila út peningum samkvæmt svokölluðu “solidarity principle” þ.e. jafnræðisreglu sem gengur út á að allir njóti peninganna sem gefast. Þetta hefur ávallt verið sameiginleg pólitísk ákvörðun stjórnar UEFA og hefur gert evrópska knattspyrnusambandið pólitískt sterkt. Þessa sömu stefnu hefur KSÍ tileinkað sér á undanförunum áratug. Ávallt þegar álögum hefur verið aflétt eða styrkjum útteilt hefur það gengið jafnt yfir hreyfinguna. Sama grundvallarsjónarmið var í gildi þegar KSÍ yfirtók laun dómara og aðstoðadómara, og nú síðustu tvö ár þegar arði af starfsemi KSÍ hefur verið skipt eftir þátttöku aðildarféлага okkar í Íslandsmótum yngri flokka karla og kvenna. Um þetta hefur verið pólitísk eining innan KSÍ, enda er þetta eina réttláta leiðin til að allir njóti góðs af og til að friður og samstarf einkenni knattspyrnuhreyfinguna.

Ágætu félagar, góðir gestir.

Ég tel að það hafi verið mikill sigur fyrir íslenska knattspyrnu að fá þann er hér talar inn í stjórn UEFA. Það er ekki nokkur vafi að það hefur geysilega þýðingu fyrir íslenska knattspyrnu og mun skila sér á ýmsan hátt á næstu árum. Það skiptir miklu máli að eiga fulltrúa þar sem ákvarðanir um framtíð Evrópskrar knattspyrnu eru teknar og þar sem tekjunum er skipt. Það er hart slegist um að komast í stjórn UEFA og erfitt fyrir fulltrúa lítilla landa að ná þeim árangri og því er nauðsynlegt að nýta vel sóknarfærin sem skapast með setu minni í stjórn UEFA á næstu árum.

Árið 2002 var jákvætt fyrir framþróun knattspyrnunnar í heiminum. HM í Japan og Kóreu tókst mjög vel, skipulagið var óaðfínanlegt og íþróttalega var þetta eitt mest spennandi HM sögunnar. Góðir leikir, góð knattspyrna, skemmtileg umgjörð og einstök gestrisni var uppskrift af frábæru HM. Nýir spennandi sjónvarpsmarkaðir sem gefa verulega peninga hafa skapast í kjölfar HM 2002 sem munu gefa umtalsvert meiri tekjur til UEFA vegna Euro 2004 í Portúgal og þannig meiri peninga í sameiginlega pottinn sem við njótum góðs af. Við upplifðum einstaka HM stemningu á Íslandi fyrir atbeina Stöðvar 2 sem á mikinn heiður skilinn fyrir frábæra meðhöndlun á því tækifæri sem þeir fengu þegar þeir keyptu réttinn á HM 2002 og 2006 af FIFA. Það er ljóst að þeir unnu hug og hjörtu landsmanna með frábærri framsetningu og kynningu á HM. Auðvitað hefur þetta geysilega jákvæða þýðingu fyrir íslenska knattspyrnu þegar svona vel er staðið að hlutunum og á þátt í því að auka vinsældir knattspyrnunnar á Íslandi. Sýn og Stöð 2 eiga mikinn heiður skilinn fyrir frábært HM og að hafa skapað sannkallað HM- og knattspyrnuæði á Íslandi. Ég tel jafnframt ljóst að knattspyrnan hafi bjargað ímynd Stöðvar 2 og Sýnar á erfiðu tímabili í sögu þessa unga fyrirtækis.

Spennan í íslenskri knattspyrnu á síðasta sumri var einstök og endirinn á Símadeild karla var líkast spennutrylli af bestu gerð, nánast eins og handritið hafi verið skrifað fyrirfram af mótanefnd í niðurröðun mótsins. Ótrúleg spenna var í Símadeild karla frá upphafi til enda móts bæði hvað varðar topp og botn og auðvitað er það uppskrift af góðu móti. Ef ekki hefði komið til HM í knattspyrnu inn í mitt mót tel ég að við hefðum náð aukningu á áhorfendum á milli ára, en við getum vel við árangurinn unað, á HM ári. Meðaltalið í ár var 996 áhorfendur sem er annað hæsta meðaltal frá upphafi. En það var að vanda mikið líf og fjör á knattspyrnuvöllum um allt land á liðnu sumri. Margir spennandi leikir, mörg skemmtileg atvik, snilldarleg tilþrif og líka mörg mistök, þannig koma jú flest mörkin. Já margt er að minnast frá sumrinu 2002.

Ég óska öllum til hamingju sem unnu glæsta sigra á liðnu starfsári, þeim sem unnu Íslandsmeistaratitla, urðu deildarmeistarar og unnu sig upp um deild. Innilegar hamingjuóskir til ykkar allra, þið eruð öll sigurvegarar keppnistímabilsins 2002. KR sigraði í Símadeild karla, eftir mikla dramatík og spennu í síðustu umferð. Fylkir sem leiddi Símadeildina lengst af gaf eftir á lokasprettinum og endaði í öðru sæti. Fylkir kórónaði hins vegar gott tímabil með að verða Coca-Cola bikarmeistari karla annað árið í röð með sigri á Fram í úrslitaleiknum. Grindavík hafnaði í 3. sæti Símadeildar og tryggði sér UEFA sæti í fyrsta sinni. KR sigraði með yfirbyrðum í Símadeild kvenna og sannaði enn frekar yfirburði sína í kvennaknattspyrnunni með sigri á Val í úrslitum í Coca-Cola bikar kvenna. FH varð deildarbikarmeistari karla og KR -kvenna. Valur vann 1. deild karla og Þróttur R. fylgdi þeim upp í Símadeild 2003. Njarðvík og HK færðust upp í 1. deild og Fjölnir og KFS frá Vestmannaeyjum upp í 2. deild. Þróttur vann 1. deild kvenna og færist upp í Símadeild kvenna.

Mótamálin eru sem fyrr langstærst í starfsemi KSÍ og mikilvægt að þar takist vel til. Ávallt er reynt að taka tillit til óska og sérstakra aðstæðna þegar raðað er niður. Öll viljum við spila leikina þegar von er á flestum áhorfendum og þegar best hentar á hverjum stað. Ég tel að undanfarin ár hafi verið gengið eins langt og framast er hægt að sinna óskum ykkar félaganna í mótamálum, en við megum aldrei gleyma þeirri staðreynd að það verður að vera festa og mjög fastmótað skipulag á mótamálum knattspyrnuhreyfingarinnar. Gott skipulag mótamála hefur verið mesti styrkur KSÍ í yfir 50 ár. Það ber okkur að halda vörð um og varast vítin sem sumir féлага okkar í öðrum sérsamböndum hafa lent í með sín mótamál.

Hér á þessu ársþingi liggur frammi tillaga um breytingu á bikarkeppni KSÍ. Það er alveg ljóst í mínum huga að við þurfum að taka bikarkeppnina til gagn Gerrar endurskoðunar og gera verulegt nýtt átak í markaðssetningu hennar. Jafnframt gengur það ekki til lengdar að mörg félög tapi stórfé á þátttöku í keppninni og því best að horfa kalt á staðreyndir og gera nauðsynlegar breytingar til þess að laða fleiri áhorfendur að keppninni og gera henni hærra undir höfði. Að mínu mati er nauðsynlegt að gera breytingar og jafnframt að markaðssetja keppnina upp á nýtt og skoða frá öllum hliðum hvernig það

verður best gert. Fyrir þessu ársþingi liggur einnig tillaga um að leyfa þátttöku varaliða stærri félaganna í deildarkeppni KSÍ. Slík tillaga hefur áður verið flutt á ársþingum KSÍ en ekki hlotið meðbyr. Þessa tillögu þarf að mínu mati að skoða betur á milli þinga með hagsmuni allrar hreyfingarinnar að leiðarljósi. Ég skil vel óskir stærri félaganna að finna verðug verkefni við hæfi fyrir þann oft stóra hóp sem þar æfir. En ég veit líka að forystumenn þessara félaga vilja að knattspyrnan á Íslandi dafni og verði sterk vítt og breitt á landsvísu. Ég tel ákveðna hættu á að meistaraflokkar félaga í minni bæjarfélögum um allt land gæti lent í þeim aðstæðum að taka ekki þátt í mótum meistaraflokks ef þessi tillaga nær fram að ganga. Þetta gerist ekki í einu vefangi, en gæti gerst á fáum árum. Margir efnilegir leikmenn þessara minni félaga vildu þá frekar spreyta sig í varaliði stóru félaganna með von um að fá allt í einu tækifæri í Símadeildinni. Einnig er rétt að benda á að þessu fylgir óhjákvæmilega talsverður aukakostnaður bæði í launa- og ferðakostnaði. Ef til vill mikla ég fyrir mér afleiðingar þessarar tillögu til langtíma, en ég bið ykkur ágætu þingfulltrúar að hugsa þetta mál frá öllum hliðum. Við verðum að koma í veg fyrir að þetta annars ágæta mál, geti skaðað knattspyrnuna á landsvísu. Við megum ekki gleyma því í þessari umræðu hvað við erum fámenn þjóð og dæmin frá nágrannaríkjunum gefa þess vegna ekki alltaf rétta mynd. En að vanda er það þingsins að taka afstöðu og treysti ég ykkur fullkomlega til að taka farsæla ákvörðun í þessu máli eins og öðrum.

Það er einkum árangur tveggja landsliða sem vakti athygli árið 2002. A- landslið kvenna náði þeim frábæra árangri að ná 2. sæti í sínum riðli í undankeppni HM og spilaði tvo leiki við England í næsta áfanga, sem við töpuðum naumlega eftir 2-2 jafntefli í Reykjavík og 0-1 tap í Birmingham. Þetta var góður árangur en það er ljóst að knattspyrnukonur okkar þurfa að æfa enn markvissara og meira með sínum félagsliðum á næstu árum ef við eigum að eiga von til þess að halda okkur í þessum klassa í kvennaknattspyrnunni. Það virðist alltaf vera veikleiki okkar þegar við spilum við sterkar þjóðir að okkar knattspyrnukonur hafa ekki úthald í heila leiki. Því er ljóst að okkar bestu félög í Símadeild kvenna þurfa að æfa meira og markvissara til að landsliðskonur okkar standist þær auknu kröfur sem gerðar eru til landsliðskvenna þeirra bestu knattspyrnuþjóða sem við viljum vera í hópi með. Það er ekki hlutverk KSÍ að móta þrek landsliðsmanna. KSÍ verður að ætlast til þess að okkar landsliðsfólk komi í því formi til landsleikja sem dugar í alþjóðlega knattspyrnu í dag.

Hitt landsliðið sem náði góðum árangri var U17 ára lið karla sem varð Norðurlandameistari í Svíþjóð og er það í fyrsta skipti sem við náum þeim áfanga. U17 ára lið stúlkna náði líka þeim merka áfanga að ná 3. sætinu á Norðurlandamóti í Reykjavík, en það er í fyrsta skipti sem við náum slíkum áfanga í yngri landsliðum kvenna.

Árangur A landsliðs karla var upp og niður á árinu. Vonbrigði að sjálfsögðu að ná ekki stigi eða stigum á móti Skotum í upphafsleik okkar í EM riðlinum 2004. En seinni leikurinn í EM vannst sannfærandi á móti Litháen 3-0. Ég hef sagt það áður hér á þessum vettvangi að ef góður árangur á að nást hjá A landsliði karla verður að minnsta kosti hafa eftirtalda tvo hluti til staðar:

- 1 Við þurfum að eiga nokkra leikmenn sem leika að staðaldri í betri liðum bestu deilda í Evrópu og
- 2 Við þurfum að hafa góðan skammt að heppni með í liði okkar.

Því miður er ástandið þannig nú að margir af okkar landsliðsmönnum eru ekki fastamenn í sínum liðum og fleiri spila nú í neðri deildum en áður. En við megum nú ekki alveg gleyma okkur. Við erum þrátt fyrir allt í 26 sæti af 52 þjóðum í Evrópu hvað árangur síðustu tveggja keppna varðar og staðreyndin er sú að okkar árangur þykir með eindæmum góður af félögum okkar um alla Evrópu og margir tala um hve marga góða knattspyrnumenn við eigum sem eru að spila vítt og breitt um Evrópu fyrir þessa litlu þjóð. En auðvitað höfum við metnað til að okkar landslið nái lengra, það væri nú annaðhvort. En það er alvarlegt mál fyrir íslenska knattspyrnu þegar sumir af okkar bestu landsliðsmönnum eru hættir að hafa ánægju af því að koma í landsleiki vegna þeirrar sífelldu neikvæðu umræðu sem ákveðinn hluti íþróttapressunnar heldur gangandi um þessar mundir.

Ágætu þingfulltrúar og góðir gestir.

Rekstur KSÍ er orðinn umfangsmikill eins og þið ágætu þingfulltrúar sjáið á reikningum sambandsins. Afkoman á síðasta ári var mjög góð og árið var hagstætt starfsemi KSÍ. Þar skipti m.a. talsverðu máli mjög fjárhagslega hagstæður landsleikur við Skota, og einnig landsliðstekjur erlendis. Er það nokkurs konar happadrættisvinningur sem við fáum á 4 ára fresti, þ.e. á HM ári. Einnig skipti verulegu máli í útkomu á rekstri Laugardalsvallar að verulegur gengishagnaður varð af erlendu láni sem tekið var á sínum tíma vegna framkvæmda. Hagnaður af starfsemi KSÍ var 18,6 milljónir kr. og hagnaður af rekstri Laugardalsvallar var 19,6 milljónir kr. Þannig að heildarhagnaður samstæðunnar er 38,2 milljónir kr. Rétt er að skýra hér frá ákvörðun stjórnar KSÍ frá 15. janúar síðastliðinn um að greiða ca 10 milljónir til aðildarfélaganna KSÍ sem fært yrði þeim til tekna á liðnu reikningsári, þ.e. 2002. Alls munu 57 aðildarfélög KSÍ sem sendu lið til keppni í mót á vegum KSÍ í yngri aldursflokkum utanhúss 2002 fá framlag frá sambandinu. Félag sem sendu lið til keppni í yngri flokkum beggja kynja fá 200 þúsund kr. hvert, en félög sem sendu aðeins lið til keppni í yngri flokkum annars hvors kynsins 125 þúsund kr. hvert. Þá fá félög sem voru aðilar að einu samvinnufélagi ("skástriksfélagi") 62.500 kr. hvert. Samkvæmt þessu fær 41 félag 200 þúsund kr., 11 félög 125 þúsund kr. og 5 félög 62.500 kr., alls 9.887.500 kr.

Knattspyrnusambandið mun styðja dyggilega við bakið á félögum í Símadeild karla sem nú eru að fara inn í leyfiskerfi KSÍ og UEFA. Hvert félag fær 500 þúsund króna styrk fyrir þá miklu undirbúningsvinnu sem þarf að vinna í upphafi. Stjórn KSÍ hefur einnig samþykkt að leggja allt að 20 milljónir króna á þessu starfsári til framkvæmda á mannvirkjum til að mæta kröfum leyfiskerfisins. Hugmyndin er sú að á næstu árum geti hvert félag í Símadeild karla sótt um að fá allt að 5 milljónir kr. frá KSÍ í styrk til framkvæmda við sína leikvanga. En skilyrðið er jafnframt að bæjaryfirvöld á viðkomandi stað skuldbindi sig til að koma með verulega hærri upphæðir vegna þessara framkvæmda. Með þessu vill knattspyrnuhreyfingin sýna að við gerum ekki bara kröfur, heldur sýnum fordæmi með virkri þátttöku í þeim heildarkostnaði sem felst í því mikla framfaraskrefi fyrir íslensku knattspyrnu að koma leyfiskerfinu á legg.

En eins og þið vitið ágætu þingfulltrúar þá er KSÍ samband félaganna, félögin eru KSÍ svo einfalt er nú það mál. Því er ljóst að góður rekstur KSÍ skilar sér til félaganna eins og vera ber. Það hefur ætíð verið haft að leiðarljósi að skipta fjármunum samkvæmt jafnræðisreglunni, "solidarity princip", öllum til hagsbóta, því að heildarhagsmunir íslenskrar knattspyrnu er það sem skiptir máli. Það er langt frá því sjálfgefið að rekstur KSÍ gangi vel. Það byggist fyrst og fremst á góðri fjármálastjórn, aðhaldi í rekstri og góðum drætti í EM og HM sem mynda stöðugar og háar sjónvarpstekjur. A landslið Íslands er okkar eina stóra söluvara og ef til vill ber KSÍ að láta meiri fjármuni renna til rekstur þess liðs með betri árangur í huga til framtíðar. Ég tel að ef til vill hafi stjórn KSÍ verið of íhaldssöm hvað varðar útgjöld til þess liðs með tilliti til þess að það er það lið sem skapar megin tekjur KSÍ. Það mun verða til skoðunar hjá stjórn KSÍ í nánustu framtíð.

Kæru félagar.

Ég varð að játa fyrir ykkur að ég er mjög stoltur af því hvað vel hefur tekist til í fjármálum KSÍ og hversu miklu sterkari okkar ágæta hreyfing er fyrir vikið. Ég veit að þannig hugsíð þið líka. Það er tekið eftir því í þjóðfélaginu þegar vel gengur og auðveldara er að framkvæma alla hluti þegar traust er fyrir hendi. Það er ljóst að KSÍ nýtur trausts í þjóðfélaginu í dag. Eigið fé KSÍ er nú 131 milljónir kr. Félagar okkar á Norðurlöndum og víðar í nágrenni okkar hafa það til hliðsjónar að nauðsynlegt sé fyrir þeirra sambönd að eiga eigið fé sem samsvarar að minnsta kosti ½ ársveltu viðkomandi sambands ef vel á að vera. Við erum að nálgast þá viðmiðun, og þá tala ég um neðri mörk, og erum nú í stakk búnir að takast á við nokkur slæm ár sem aldrei er auðvelt að sjá fyrir eða óvæntan kostnað sem gæti skapast

af því að allt í einu myndaðist raunhæfur möguleiki fyrir A lið karla eða kvenna að komast í úrslit á HM eða EM.

Á síðasta ári greindi ég ársþingi KSÍ frá því að FIFA (Alþjóða knattspyrnusambandið) hefði ákveðið að styrkja KSÍ um ca. 40 milljónir króna vegna framkvæmda við fræðslumiðstöð KSÍ. KSÍ hefur átt nú í nokkurn tíma í viðræðum við Reykjavíkurborg um framtíðar uppbyggingu Laugardalsvallar og að þessir peningar FIFA sem vonir standa til að verði jafnvel hærra framlag á næstu tveimur árum nýtist samhliða þessum framkvæmdum. Ekki er niðurstaða komin í þessar viðræður en væntanlega munu þær breytingar sem nú eiga sér stað á yfirstjórn Reykjavíkurborgar seinka eitthvað ákvörðun í þessu mikilvæga máli.

Ég verð að nota tækifærið hér og óska okkur öllum til hamingju með knattspyrnuhúsa ævintýrið í íslenskri knattspyrnu. Hreint ótrúlegir hluti hafa gerst hratt eftir margra ára baráttu og áróður. Við tökum ofan hattinn fyrir þeim sveitafélögum sem hafa vísað veginn í þessu þýðingarmikla máli fyrir íslenska knattspyrnu til framtíðar.

Góðir þingfulltrúar.

Fyrir þessu 57. ársþingi liggur nokkur fjöldi mála sem öll skipta máli fyrir knattspyrnuna. Þau eru mismunandi viðamikil og skoðanir um sum þeirra eru skiptar og eflaust munu þau ekki öll hljóta náð hjá þingheimi og fá tilskilinn meirihluta. Ársþing KSÍ hafa löngum borið þess merki að hér hafa mætt vaskir forystumenn með ákveðnar skoðanir, tilbúnir til að berjast fyrir heildarhagsmunum knattspyrnuhreyfingainnar. Svo lengi sem ég man eftir knattspyrnuþingum hafa menn verið hreinskilnir í umræðum, tekist á um málefni og skilið sáttir að leikslokum. Hér eru rædd stefnumál hreyfingarinnar, framtíð með hliðsjón af fortíð. Ég skora á ykkur öll að hugsa fyrst og síðast um hag heildarinnar og láta ekki dægurþras og einkahagsmuni stýra gerðum ykkar. En það á að gusta af ársþingum það er líf og kraftur í hreyfingunni, átök eru alltaf undanfari framfara.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns þá er þetta tímamótþing, fyrsta þingið sem haldið er á einum degi og ljóst að þingfulltrúar þurfa að tileinka sér markvissari og agaðri vinnubrögð en stundum áður. Ef ljóst er að mikill ágreiningur ríkir um ákveðin mál er æskilegt að slík mál fari í milliþinganefnd eða sé vísað til stjórnar milli þinga og fundin sé niðurstaða sem almenn sátt er um.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka stjórnarmönnum mínum í KSÍ fyrir góð störf. Þó starfsfólki hafi fjölgað á skrifstofu KSÍ er mikil vinna sem stjórnarmenn skila í nefndum og starfshópum. Starfsfólk KSÍ ber hitann og þungann í starfsemi Knattspyrnusambandsins. Þar er valinn maður í hverju rúmi og allir eru ávallt reiðubúnir til að þjónusta hreyfinguna. Ég þakka þessu góða fólki undir ötulli og markvissri stjórn framkvæmdastjórnans góð störf á árinu. Nefndarmönnum öllum í KSÍ þakka ég vel unnin störf. Síðast en ekki síst þakka ég ykkur þingfulltrúum og forystumönnum í íslenskri knattspyrnu ykkar heilladrjúgu störf í þágu hreyfingarinnar á þessu starfsári. Í ykkar hópi eru margar hetjur og kraftaverkamenn sem halda starfinu gangandi ár eftir ár.

Nú bið ég ykkur að takast saman á við þau störf sem bíða úrlausnar á þessu þingi til framfara í íslenskri knattspyrnu. Hér störfum við saman af drenglyndi og heilindum.

57. ársþing KSÍ er sett.

Formaður KSÍ afhenti forráðamönnum Stöðvar 2 og Sýnar, þeim Sigurði G. Guðjónssyni og Hermanni Hermannssyni, viðurkenningarskjöld fyrir frábæra umfjöllun um úrslitakeppni HM 2002.

Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Steinn Halldórsson, formaður, ÍBR
Rúnar Arnarson, ÍRB
Vignir Þormóðsson, ÍBA

Kjörbréfanefnd tók strax til starfa.

Formaður gerði tillögur um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Sveinn Jónsson
2. þingforseti: Steinn Halldórsson

og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki.

1. þingforseti tók því næst við þingstjórn.

Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Ingvi Guðmundsson
2. þingritari: Klara Bjartmarz

og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

Ávörp gesta

Eftirtaldir tóku til máls og fluttu kveðjur til KSÍ:

- Þórólfur Árnason, borgarstjóri.
 - Sigríður Jónsdóttir, varaforseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.
-

Formaður KSÍ flutti skýrslu stjórnar sem lögð var fram á þinginu.

Gjaldkeri KSÍ, Eggert Steingrímsson, skýrði reikninga sambandsins og Laugardalsvallar.

- Valdimar Leó Friðriksson tók til máls og bað um skýringar á nokkrum liðum í ársreikningi. Hann hrósaði stjórn KSÍ fyrir gott starf.
- Hörður Helgason tók til máls og hvatti þingfulltrúa til að taka þátt í störfum þingsins.
- Guðmundur Árni Stefánsson tók til máls og fagnaði velgengni KSÍ.
- Eggert Magnússon tók til máls og svaraði framkomnum fyrirspurnum.
- Eggert Steingrímsson tók til máls og svaraði framkomnum fyrirspurnum.

Reikningar sambandsins voru samþykktir samhljóða.

Álit kjörbréfanefndar

- Steinn Halldórsson flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HHF (1): Finnur Bogi Hannesson.

Frá HSB (1): Svavar Geir Ævarsson.

Frá HSK (1): Einar Jónsson.

Frá HSP (2): Magnús Halldórsson og Dagur Dagbjartsson.

FRá HSV (1): Kristján Pálsson.

Frá ÍA (5): Gunnar Sigurðsson, Hörður Helgason, Jóhannes Guðjónsson, Sævar Ríkharðsson og Guðlaugur Gunnarsson.

Frá ÍBA (7): Árni Óðinsson, Bjarni Guðmundsson, Gunnar Gunnarsson, Magnús Sigurólason, Sigurjón Magnússon, Sveinn Guðmundsson og Vignir Már Þormóðsson.

Frá ÍBH (8): Guðmundur Árni Stefánsson, Heimir Heimisson, Hörður Geirsson, Viðar Halldórsson, Daði Rafnsson, Páll Guðmundsson, Pétur Ó. Stephensen og Þórir Jónsson.

Frá ÍBR (30): Ámundi Halldórsson, Björn Guðbjörnsson, Brynjar Jóhannesson, Eggert Kristófersson, Eiríkur Þ. Einarsson, Finnur Thorlacius, Gísli Sváfnisson, Grímur Friðgeirsson, Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Stefán Jónsson, Guðrún Inga Sívertsen, Halldór Einarsson, Hörður Brink, Jón S. Helgason, Jónas Kristinsson, Jónas Sigurðsson, Júlíus Hafsteinsson, Karl Arthursson, Kjartan Daníelsson, Kristinn Daníelsson, Kristinn Einarsson, Ólafur B. Halldórsson, Ólafur Hallgrímsson, Ólafur Garðarsson, Sigurður K. Sveinbjörnsson, Sigurður Ólafsson, Snorri Snorrason, Stefán L. Aðalsteinsson, Tómas Kristinsson og Viðar Helgason.

Frá ÍBS (2): Hörður Júlíusson og Sigurður Helgason.

Frá ÍBV (6): Birgir Stefánsson, Gísli Hjartarson, Hjalti Kristjánsson, Jóhann Georgsson, Trausti Hjaltason og Viðar Elíasson.

Frá ÍRB (6): Andrés Ottósson, Grétar Ólafsson, Halldór L. Björnsson, Leifur Gunnlaugsson, Rúnar V. Arnarson og Þorsteinn Magnússon.

Frá ÍS (5): Bergný Jóna Sævarsdóttir, Guðmundur Pálsson, Jónas Þórhallsson, Ragnar Ragnarsson og Sigurður Gunnarsson.

Frá UÍA (2): Magnús Ásgrímsson og Víglundur Gunnarsson.

Frá UÍÓ (1): Jón Þór Antonsson.

Frá UÍÓ/UMSE (1): Rúnar Guðlaugsson.

Frá UMSE (1): Gísli Bjarnason.

Frá UMSK (12): Ari Skúlason, Axel Gomez, Baldvin Guðmundsson, Benedikt Höskuldsson, Eva Rós Jóhannsdóttir, Hafsteinn Þorvaldsson, Kristinn Briem, Magnús Skúlason, Ólafur Björnsson, Páll Bragason, Ingibjörg B. Jóhannsdóttir, Sverrir Magnússon og Valdimar Leó Friðriksson.

Enginn mætti frá HSH, HSS, UDN, UMSB, UMSS, UNÞ, USAH, USÚ, USVH, USVS.

Fyrirnefndir fulltrúar mættu til þings og voru kjörbréf þeirra samþykkt.

Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 17

Tillögur á þingskjölum 6 til 17 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

Þingskjal 6

- Geir Þorsteinsson hafði framsögu.

Fjárhagsáætlun 2003

Knattspyrnusamband Íslands

	Skýr.	Áætlun 2003	Raun 2002	Áætlun 2002
Rekstrartekjur				
Framlög og styrkir	1	132.191.635	138.524.037	128.500.000
Tekjur af landsleikjum	2	15.000.000	29.578.405	17.500.000
Sjónvarpsréttur og styrkir		61.397.500	61.397.500	61.000.000
Aðrar rekstrartekjur		14.000.000	14.992.612	12.350.000
Rekstrartekjur alls		222.589.135	244.492.554	219.350.000
Rekstrargjöld				
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	80.398.000	73.336.683	74.075.000
Mótakostnaður	4	27.757.500	22.833.678	25.127.000
Kostnaður við landslið	5	112.367.625	99.858.643	109.707.500
Annar rekstrarkostnaður	6	13.761.000	32.555.634	6.708.000
Afskriftir		1.000.000	1.665.478	2.000.000
Rekstrarkostnaður alls		235.284.125	230.250.116	217.617.500
Hagnaður (Tap) án fjármagnsliða		-12.694.990	14.242.438	1.732.500
Fjármagnsliðir				
Fjármunatekjur		20.000.000	27.095.084	25.000.000
Fjármagnsgjöld		-2.000.000	-5.943.770	-2.500.000
Gengistap hlutabréfasjóða			-16.733.847	
Fjármagnsliðir alls		18.000.000	4.417.467	22.500.000
Hagnaður (með fjármagnsliðum)		5.305.010	18.659.905	24.232.500
Framlag til uppbyggingar aðstöðu áhorfenda vegna leyfiskerfis		-20.000.000		
Hagnaður (Tap) af rekstri Laugardalsvallar		-5.297.500	19.574.174	-4.221.000
Hagnaður (Tap) ársins		-19.992.490	38.234.079	20.011.500
		Áætlun 2003	Raun 2002	Áætlun 2002
Nr. 1 Styrkir og framlög				
ÍSí		15.421.635	16.248.290	11.100.000
Getraunir		3.000.000	3.193.086	5.000.000
Norræni Menningarmálasjóðurinn		1.500.000	1.010.000	1.000.000
UEFA styrkir		56.500.000	54.643.800	46.400.000
FIFA styrkur		20.000.000	22.997.905	25.000.000
Ýmsir styrkir		35.770.000	40.430.956	40.000.000
Styrkir og framlög		132.191.635	138.524.037	128.500.000

Nr. 2 Tekjur af landsleikjum

Miðasala á heimaleikjum	15.000.000	18.053.055	10.000.000
Landsleikjatekjur erlendis		11.525.350	7.500.000
Tekjur af landsleikjum	15.000.000	29.578.405	17.500.000

Nr. 3 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Laun og tengd gjöld	47.672.000	43.361.576	40.159.000
Annar kostnaður við yfirstjórn	32.726.000	29.975.107	33.916.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	80.398.000	73.336.683	74.075.000

Nr. 4 Mótakostnaður

Mótakostnaður	10.200.000	7.635.276	7.950.000
Laun dómara og eftirlitsmanna	17.557.500	15.198.402	17.177.000
Mótakostnaður	27.757.500	22.833.678	25.127.000

Nr. 5 Kostnaður við landslið

A-landslið karla	51.109.000	44.158.171	47.551.000
U-21 landslið karla	12.286.400	6.861.844	11.882.000
U-19 landslið karla	6.868.200	6.574.955	6.401.000
U-17 landslið drengja	7.905.200	10.384.316	8.170.000
A-landslið kvenna	14.187.000	11.949.460	12.707.000
U-21 landslið kvenna	3.409.400	3.339.989	3.489.000
U-19 landslið kvenna	3.640.200	3.473.840	4.107.000
U-17 landslið stúlkna	6.634.200	5.945.579	5.700.500
Sameiginlegur landsliðskostnaður	6.328.025	7.170.489	9.700.000
Kostnaður við landsleiki	112.367.625	99.858.643	109.707.500

Nr. 6 Annar rekstrarkostnaður

Fræðslukostnaður	5.761.000	5.816.873	6.208.000
Dómaramál	3.000.000	5.190.860	500.000
Þátttökuleyfi	5.000.000	6.767.648	
Útgreiðsla til aðildarféлага		9.887.500	
Ýmis kostnaður		4.892.753	
Annar rekstrarkostnaður	13.761.000	32.555.634	6.708.000

KSÍ - Laugardalsvöllur

	Áætlun 2003	Raun 2002	Áætlun 2002
Rekstrartekjur			
Framlög Reykjavíkur vegna framkvæmda	27.000.000	26.733.449	27.000.000
Húsaleiga og æfingastyrkir ÍBR	7.600.000	7.600.000	7.400.000
Tekjur af landsleikjum	4.000.000	6.614.650	3.000.000
Tekjur af Coca-Cola bikarkeppni	800.000	860.784	700.000
Tekjur af Símadeildinni	1.000.000	673.310	700.000
Tekjur af Evrópuleikjum	500.000	389.000	600.000

Flóðljós-ljósatafla-hljóðkerfi	550.000	572.000	490.000
Aðrar tekjur	1.850.000	1.977.498	1.590.000
Rekstrartekjur alls	43.300.000	45.420.691	41.480.000
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	16.806.500	15.595.769	13.881.000
Almennur rekstrarkostnaður	3.941.000	4.807.266	3.820.000
Rekstur mannvirkja	8.350.000	8.720.622	7.500.000
Önnur gjöld	0	0	0
Afskriftir	19.000.000	19.057.467	18.500.000
Rekstrarkostnaður alls	48.097.500	48.181.124	43.701.000
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	-4.797.500	-2.760.433	-2.221.000
Fjármagnsliðir			
Fjármunatekjur	1.000.000	24.547.221	1.000.000
Fjármagnsgjöld	-1.500.000	-2.212.614	-3.000.000
Fjármagnsliðir alls	-500.000	22.334.607	-2.000.000
Hagnaður/tap ársins	-5.297.500	19.574.174	-4.221.000

Stjórn KSÍ

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 7

- Framsögu hafði Jón Gunnlaugsson.

Tillaga um breytingu á lögum Knattspyrnusambands Íslands - Framboðsfrestur -

Lagt er til að við 12. grein bætist ný málsgrein sem verði 2. málsgrein. Núverandi 2. málsgrein verði 3. mgr. o. s. frv. Ný 2. mgr. hljóði svo:

2 Tilkynning um framboð til embættis formanns eða stjórnar KSÍ skal berast skrifstofu KSÍ minnst hálfum mánuði fyrir þing. Kjörnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar.

Skýring:

Ársþing KSÍ er nú haldið á einum degi. Eðlilegt er að framboð til formanns eða stjórnar sé kynnt hreyfingunni með góðum fyrirvara til kynningar.

Stjórn KSÍ

Tillagan á þingskjali 7 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 8

- Framsögu hafði Sigurður Helgason.

Tillaga til ályktunar
- Varalið í meistaraflokki karla -

Árþing KSÍ samþykkir að fela stjórn KSÍ að leggja fram á árþingi 2004 breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þannig að félögum verði heimilt að senda varalið til keppni í Íslandsmóti meistaraflokks karla. Varalið verði ávallt að leika tveimur deildum neðar en aðallið viðkomandi félags.

Greinargerð:

Þeir leikmenn sem ekki taka þátt í leikjum í aðalliði félaganna hafa engin metnaðarfull verkefni. Því er það svo að eftir eitt til tvö ár í mfl. hverfa þessir leikmenn á brott og hætta knattspyrnuíðkun.

Fram og KR

- Hjalti Kristjánsson tók til máls og mælti gegn tillögunni.
- Ingibjörg Jóhannesdóttir tók til máls og mælti gegn tillögunni.
- Halldór B. Jónsson tók til máls og lagði fram breytingartillögu við þingskjal 8:

Þingskjal 8b

Árþing KSÍ samþykkir að fela stjórn KSÍ að kanna kosti þess og galla að félögum verði heimilt að senda varalið til keppni í lægstu deildum Íslandsmóts meistaraflokks karla.

Stjórn KSÍ skal m.a. kanna og taka saman upplýsingar um eftirfarandi atriði:

- félagsleg og íþróttaleg áhrif á félög í lægri deildum
- félagsleg og íþróttaleg áhrif á félög í landshlutum
- áhrif á skipulag 2. og 3. deildar karla
- reglur um færslu leikmanna milli aðalliðs og varaliðs félags
- kostnaður við þátttöku félaga í nýju móti
- vallarmál
- framtíð U-23 liða í bikarkeppni
- þörf félaga fyrir verkefni vegna leikmanna 20 ára og eldri
- frammistaða félaga við þátttöku í keppni 1. aldursflokks árin 2002 og 2003

Stjórn KSÍ skal einnig kanna möguleika á að gera breytingar á keppni 1. flokks, t.d. með því að breyta núverandi riðlakeppni í deildaskipta keppni varaliða félaganna.

Stjórn KSÍ skal leggja tillögur sínar fyrir árþing KSÍ 2004.

- Ingvar Guðjónsson tók til máls og mælti með tillögunni óbreyttri.
- Viðar Helgason tók til máls og taldi breytingartillögunna góða.
- Sigurjón Magnússon tók til máls og var á móti málinu í heild.
- Jónas Þórhallsson tók til máls og vildi framgang málsins.
- Ingibjörg Jóhannesdóttir tók til máls og mælti gegn tillögunni og vildi endurreisa keppni í 1. flokki.

Tillagan á þingskjali 8b var samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

Píngskjal 9

- Framsögu hafði Geir Þorsteinsson.

**Tillaga um breytingu á
reglugerð KSÍ um knattspyrnumót
- Bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla -**

Lagt er til að grein 3.9.1.2 breytist og hljóði svo (breytingar undirstrikaðar):

3. 9. 1. 2. BIKARKEPPNI KSÍ

- 1 Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum félögum og aðilum ÍSÍ. **[Óbreytt]**
- 2 Hverjum þátttökuaðila skal heimilt að senda tvö lið til keppni, A lið og U23 lið.
- 3 Allir leikmenn félags eru hlutgengir til leiks með A liði félagsins nema þeir leikmenn sem leikið hafa í sömu umferð með U23 liðinu. Með U23 liðinu eru hlutgengir þeir leikmenn félagsins sem ekki hófu leik í síðasta leik A liðs félagsins í deildarkeppni, ekki hafa leikið í sömu umferð með A liði félagsins og eru 23 ára og yngri (miðað við almanaksárið). **[Óbreytt]**
- 4 Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Draga skal um hvað lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli. Þess skal ætíð gætt að U23 lið félags dragist ekki gegn A liði sama félags. Keppnin skal vera tvískipt:
 - a. Undankeppni
 - b. Aðalkeppni
- 5 Í undankeppni taka þátt öll lið nema þau, sem taka þátt í Símadeild. Svæðakeppni skal viðhöfð í undankeppninni og keppni liðanna hagað svo, að 6 lið komist áfram í aðalkeppnina. Skal undankeppni lokið eigi síðar en 30. júní.
- 6 Aðalkeppnin skal hefjast eftir 1. júlí og þá hefja liðin sem leika í Símadeild þátttöku. Úrslitaleikur og undanúrslitaleikir bikarkeppninnar skulu fara fram á Laugardalsvelli og skal keppninni ljúka í lok ágúst eða í september. Mótanefnd skal þó heimilt að láta leiki í undanúrslitum fara fram annars staðar en á Laugardalsvelli við sérstakar aðstæður. Mótanefnd annast framkvæmd leikjanna í samráði við leikaðila.
- 7 Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni. **[Óbreytt]**
- 8 Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. 20% framkvæmdargjald til heimaliðsins, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Leita skal hagkvæmstu flutningsleiða. Tekjur af seldum aðgöngumiðum og tekjur af útvarpi og sjónvarpi skuli skiptast jafnt milli leikaðila. Allar aðrar tekjur skulu renna til heimaliðs, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. **[Óbreytt]**
- 9 Í úrslitaleik og undanúrslitaleikjum skulu leikaðilar eiga rétt á öllu auglýsingasvæði við leikvöllinn. Í úrslitaleik skal þó KSÍ eiga rétt á 40 metra auglýsingasvæði miðsvæðis meðfram langhlið vallar og 20 metra til hvors enda fyrir fasta styrktaraðila. Svæði því sem kemur í hlut leikaðila, skulu þeir skipta með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sig af sölu eigin svæðis, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. **[Óbreytt]**
- 10 Hugsanlegt tap greiðist af leikaðilum að jöfnu. Verði að aflýsa leik, gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti. **[Óbreytt]**
- 11 Af leikjum í aðalkeppni skal greiða gjald í sameiginlegan sjóð af nettótekjum þar sem til tekna eru aðeins taldir seldir aðgöngumiðar, sem hér segir:
 - Af leikjum í 1. umferð aðalkeppni 10%.
 - Af leikjum í 2. umferð aðalkeppni 10%.
 - Af undanúrslitaleikjum 15%.
 - Af úrslitaleik 15%. **[Óbreytt]**

- 12 Sameiginlegum sjóði, sem skal vera í vörslu gjaldkera KSÍ, skal skipt þannig, að fyrst er greitt tap, sem þátttakendur hafa orðið fyrir og skal greitt hlutfallslega, nægi sjóðurinn ekki fyrir öllu tapinu. Verði afgangur, skiptast eftirstöðvarnar milli þátttakenda í hlutfalli við greiðslur í sjóðinn. **[Óbreytt]**
- 13 Um aðgöngumiða gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti eftir því sem við á. **[Óbreytt]**

Skýring:

Stjórn KSÍ telur skynsamlegt að gera breytingu á fyrirkomulagi bikarkeppninnar þannig að aftur hefji aðeins 16 lið þátttöku í aðalkeppni (eins og var áður en núverandi fyrirkomulag var tekið upp 1994). Þetta myndi þýða að umferðum í undankeppninni fjölgar, en sú keppni er svæðabundin.

Núverandi fyrirkomulag með 32 liða úrslit í upphafi aðalkeppni hefur boðið upp á leiki þar sem úrslitin hafa að mestu leyti verið eftir bókinni og mikið tap hefur myndast þar margir leikir hafa ekki staðið undir sér vegna þess að aðsókn hefur ekki staðið undir væntingum og ferðakostnaður hefur verið mikill.

Stjórn KSÍ

- Hjalti Kristjánsson tók til máls og mælti gegn tillögunni. Hann taldi núverandi fyrirkomulag með 32 liða úrslit eiga fullan rétt á sér.
- Rúnar Arnarson tók til máls og mælti gegn tillögunni.
- Sigurjón Magnússon tók til máls og mælti gegn tillögunni.
- Jónas Þórhallsson tók til máls og mælti gegn tillögunni.
- Guðmundur Stefán Jónsson tók til máls og mælti gegn tillögunni.
- Halldór Einarsson tók til máls og rifjaði um gamlar minningar úr bikarkeppninni.
- Hörður Helgason tók til máls og var á móti tillögunni.
- Halldór B. Jónsson tók til máls og mælti gegn þeim hluta tillögunnar sem segir að leikirnir skulu fara fram um helgi (í breytingatillögu ÍBV).
- Viðar Elíasson tók til máls og lagði fram breytingartillögu.

Breytingartillaga við tillögu stjórnar KSÍ um Bikarkeppni KSÍ:**3.9.1.2. Bikarkeppni KSÍ****liður nr. 6**

Úrslitaleikur skal vera síðasti leikur keppnistímabilsins, þ.e.a.s. keppnum á vegum KSÍ og fara fram á Laugardalsvelli. Undanúrslitaleikir skulu fara fram á heimavelli þess liðs er á undan er dregið og skulu þeir leikir leiknir um helgi.

Greinargerð.

Teljum það sanngirniss mál að undanúrslitaleikir fari fram á heimavelli þess liðs sem á undan er dregið. Undanúrslitaleikir fari fram um helgi til þess að gefa fleirum kost á að sækja leikina, hvar svo sem á landinu þeir búa.

ÍBV

- Árni Óðinsson tók til máls og mælti með breytingartillögu ÍBV.
- Hörður Helgason tók til máls og óskaði eftir frekari skýringum.
- Vignir Þormóðsson tók til máls og mælti gegn tillögu ÍBV.
- Ingibjörg Jóhannesdóttir tók til máls og vildi breytingar á tillögunni.

- Halldór B Jónsson tók til máls og lagði fram breytingartillögu við tillögu ÍBV, að niður félli „og skulu þeir leiknir um helgi.“
- Sigurjón Magnússon tók til máls og var í andstöðu við málið í heild.

Tillaga ÍBV var samþykkt með breytingum Halldórs. Tillagan á þingskjali 9 með áorðnum breytingum var felld með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Þingskjal 10

Tillaga til ályktunar - Bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla -

Ársþing KSÍ samþykkir að fela stjórn KSÍ að leggja fram á ársþingi 2004 breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þannig að

- 1) Í aðalkeppni hefji 16 lið þátttöku. Þessi 16 lið skulu vera 8 efstu liðin í Símadeildinni frá fyrra ári og þau 8 lið sem komast áfram úr undankeppninni.
- 2) Leikir í undanúrslitum fari fram um helgi.
- 3) Þátttökugjald verði tekið upp í formi aðgöngumiða sem gilda á úrslitaleikinn skv. eftirfarandi lista:

Félag í Símadeild	100 miðar
Félag í 1. deild	75 miðar
Félag í 2. deild	50 miðar
Félag í 3. deild	25 miðar

Greinargerð:

- 1) Leikir í 32 liða úrslitum hafa ekki náð þeim markmiðum sem farið var af stað með í upphafi, þ.e. markaðsetningu knattspyrnunnar. Leikirnir yfirleitt illa sóttir og úrslit fyrirfram ráðin. Mikið tap hefur verið á þessum leikjum vegna ferðakostnaðar og er hann það hár að litlu liðin úti á landsbyggðinni eiga í erfiðleikum með að greiða sinn hluta í tapinu, líkt og stóru liðin. Með breytingu þessari verða jafnframt 23 ára liðin felld út.
- 2) Svo áhangendur liða úti á landi geti sótt leikina.
- 3) Þessi stærsti leikur ársins hefur þjáðst af skorti á áhorfendum undanfarin ár. Með tillögu þessari er verið að gera hlut úrslitaleiksins sem stærsta viðburð íslenskra félagsliða á ári hverju að því sem honum ber. Því þarf að ná til áhorfenda annarra en þeirra félaga sem eiga lið í úrslitaleiknum.

Fram og KR

Tillagan var dregin til baka.

Þingskjal 11

- Framsögu hafði Viðar Elíasson.

**Tillaga til ályktunar
- Undanúrslit bikarkeppni KSÍ -**

Ársþing KSÍ samþykkir að stjórn KSÍ verði falið að leggja fram á ársþingi 2004 breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þannig að leikir í undanúrslitum í bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla fari fram á heimvelli þess liðs sem á undan er dregið.

ÍBV

Tillagan á þingskjali 11 var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Þingskjal 12

- Framsögu hafði Halldór B Jónsson.

**Tillaga um breytingu á
reglugerð KSÍ um knattspyrnumót
- Meistarakeppni KSÍ -**

Lagt er til að grein 3.9.1.3 breytist og hljóði svo (breyting undirstrikuð):

3. 9. 1. 3. MEISTARAKEPPNI KSÍ

- 1 Árlega skal fara fram leikur milli Íslandsmeistara og bikarmeistara KSÍ.
- 2 Mótanefnd KSÍ annast framkvæmd leiksins í samráði við leikaðila.
- 3 Sé sama félag í senn Íslandsmeistari og bikarmeistari skulu Íslandsmeistararnir leika gegn liði því sem varð nr. 2 í Símadeild.
- 4 Verði jafnt að venjulegum leiktíma loknum, skal framlengt og verði þá enn jafnt, skal knýja fram úrslit með vítaspyrnukeppni.
- 5 Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. vallahleiga, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Leita skal hagkvæmstu flutningsleiða. Tekjur af seldum aðgöngumiðum og tekjur af útvarpi og sjónvarpi skulu skiptast jafnt milli leikaðila.
- 6 Hagnaður eða halli af leiknum skal skiptast jafnt milli leikaðila.
- 7 KSÍ veitir verðlaun til sigurliðs og viðurkenningu til leikmanna beggja liða.

Lagt er til að grein 3.9.10.3 verði eins.

Skýring:

Mótanefnd hefur á nýjan leik sett á leik í Meistarakeppni KSÍ, nú í knattspyrnuhúsi. Hér er lagt til að gerðar verði tvær breytingar á reglugerðinni, í fyrsta lagi að ákvæði um að leikið skuli á grasi sé fellt niður og í öðru lagi að sé sama félag Íslands- og bikarmeistari skuli leikurinn fara fram á milli Íslandsmeistara og liðs nr. 2 í Símadeild í stað liðs nr. 2 í bikarkeppni KSÍ.

Stjórn KSÍ

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 13

- Framsögu hafði Jónas Sigurðsson.

**Tillaga til ályktunar
- Dómari í 1. deild kvenna skipaður af KSÍ -**

Ársþing KSÍ samþykkir að stjórn KSÍ verði falið að gera breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þannig að dómari í leikjum í 1. deild kvenna verði skipaður af KSÍ.

Rökstuðningur:

Þetta er sjálfsagt jafnréttismál.

KRR

- Halldór B. Jónsson tók til máls og mælti með tillöggunni.
- Magnús Ásgrímsson tók til máls og vildi að KSÍ tæki að sér að greiða ferða- og upphaldskostnað dómara.

Tillagan á þingskjali 13 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 14

- Framsögu hafði Viðar Elíasson.

**Tillaga til ályktunar
- Jöfnunarsjóður vegna ferðakostnaðar í deildarkeppni -**

Ársþing KSÍ samþykkir að stofna jöfnunarsjóð vegna ferðakostnaðar í landsdeildum karla og kvenna í meistaraflokki (Síma-, 1. og 2. deild karla og Símadeild kvenna).

ÍBV

Greinargerð.

Tillaga um jöfnunarsjóð ferðakostnaðar vegna meistaraflokka karla í efstu, fyrstu og annarri deild og efstu deild kvenna.

Reglugerð um jöfnunarsjóð ferðakostnaðar meistaraflokks karla og kvenna í Íslandsmóti.

1. gr.

Hvert félag sem leikur í meistaraflokki karla og kvenna er ábyrgt fyrir og greiðir eigin ferðakostnað. KSÍ er vegna þessarar reglugerðar aldrei ábyrgt fyrir greiðslu ferðakostnaðar sem fylgir þátttöku félags í móti á vegum KSÍ.

2. gr.

Inngreiðsla: Hvert lið karla og hvert lið kvenna sem keppir í meistaraflokki skal greiða kr. _____.- til KSÍ í jöfnunarsjóð ferðakostnaðar fyrir hvert keppnistímabil sem tekið er þátt í. Gjald dagar fyrir hvert keppnistímabil skulu vera 3 og vera eftirfarandi: þann 1. júní hvert kr. _____.- Þann 1. ágúst. kr. _____.- og þann 1. október kr. _____.-

KSÍ sér um innheimtu gjalda þessara. KSÍ hefur heimild til skuldajafnaðar á inneignum félaga s.s. vegna sjónvarpsréttar eða annarra inneigna hjá KSÍ.

Félagi er ekki heimilt að skrá lið til keppni í meistaraflokki ef það er skuldugt við KSÍ vegna jöfnunarsjóðsins. Einnig leggur KSÍ til 25% framlag ofan á heildarupphæð hvers ferðajöfnunarsjóðs fyrir sig.

3. gr.

Útborgun: Ferðakostnaður hvers liðs vegna hvers leiks í deildakeppni Íslandsmóts skal metin skv. eftirfarandi: t.d. Ferðakostnaður milli Reykjavíkur-Akureyrar kr. _____, Ferðakostnaður milli Reykjavíkur-Vestmannaeyja kr. _____.- Ferðakostnaður milli Akureyri-Grindavíkur kr. _____.- Ferðakostnaður milli Selfoss-Húsavíkur kr. _____ og svo framvegis. Þessi kostnaður leggst á hvern leik sem leikinn er. Ferðakostnaður þessi er aðeins fyrir leiki í deildarkeppni.

Við útborgun skal reiknaður út meðaltalsferðakostnaður þ.e. heildarferðakostnaður deilt með fjölda liða. Þau lið þar sem ferðakostnaður er yfir meðaltalsferðakostnaði fá greiddan jöfnunarsjóðinn í réttu hlutfalli við fjárhæð ferðakostnaðar. Greiðslur úr jöfnunarsjóði skulu greiddar til liða í tvennu lagi þann 1. desember og 1. apríl ár hvert. KSÍ er heimilt að skuldjafna inneign í jöfnunarsjóði við aðra skuld félagsins við KSÍ.

4. gr.

Lið skal aldrei fá endurgreitt hærrí fjárhæð úr jöfnunarsjóði en þannig að það greiði meðaltalsferðakostnað. Ef inneign er í jöfnunarsjóði eftir útreikning og útgreiðslu þá skulu eftirstöðvar ganga til þeirra liða sem taka þátt í Evrópukeppni ár hvert. KSÍ sér um skiptingu þess fjár.

Ef lið skrá sig til deildakeppni frá stöðum á landsbyggðinni þar sem eðlilegt er að fljúga til og frá í leiki þá skal KSÍ áætla ferðakostnað vegna þeirra leikja með svipuðum hætti og gert er skv. 3. gr.

Skýringar:

Um 1. gr. Hvert félag sér um og er ábyrgt fyrir greiðslu ferðakostnaðar eins og verið hefur. Áréttað er að KSÍ er aldrei ábyrgt fyrir ferðakostnaði einstaks félags. Þetta er eins og kerfið er í dag.

Um 2. gr. Fyrirfram er ákveðið að aukakostnaður hvers liðs sem greiðir til jöfnunarsjóðsins og fær ekkert endurgreitt úr honum verður aldrei hærrí en kr. _____.- fyrir hvern meistaraflokk. Þetta er mikilvægt til þess að stjórnarmenn gangi að því sem vísu fyrir keppnistímabil hver ferðakostnaðurinn verði á tímabilinu þannig að ekki verði um óvænt útgjöld að ræða hvað jöfnunarsjóðinn snertir. Ef eitt félag er með karla og kvenna meistaraflokk þá greiðir það félag kr. 2 x _____.- til jöfnunarsjóðsins. Gjald dagar eru ákveðnir og KSÍ sér um innheimtu greiðslunnar. Ef félag greiðir ekki þá verður það skuldugt við KSÍ en KSÍ er hins vegar ekki ábyrgt fyrir greiðslu til félaga sem inneign eiga hjá jöfnunarsjóði þegar að inneign dugar ekki fyrir útgreiðslu s.s. vegna skulda félaga við jöfnunarsjóðinn. Að lokum fyrirgerir félag rétti sínum til að senda inn lið í meistaraflokki ef það greiðir ekki til jöfnunarsjóðsins.

Um 3. gr. Ferðakostnaður hvers liðs vegna hvers leiks er fyrirfram ákveðinn. Það kemur í veg fyrir að lið ákveði að ferðast frekar dýrar en hitt þar sem jöfnunarsjóður greiði hvort sem er. Það þýðir um leið að ef félag ákveður að minnka ferðakostnað sinn þá kemur það ekki niður á rétti þess til endurgreiðslu úr jöfnunarsjóðinum eða lækkar meðaltalsferðakostnaðinn. Ferðakostnaðurinn er reiknaður út frá flugi en ekki tekinn inn í kostnaðinn gisting, bílaleigubílar ofl.

Jöfnunarsjóðurinn tekur aðeins til leikja í Íslandsmóti.

Útborgunarreglan er þannig að fundinn er heildarferðakostnaður allra liða skv. reglunni í 2. gr. Í heildarferðakostnaðinn er deilt í með samanlögðum fjölda allra liða í viðkomandi deild. Þannig finnst út meðaltalsferðakostnaður liðs. Síðan fá þau lið, sem eru með ferðakostnað, reiknaðan skv. 2. gr., hærrí en meðaltalsferðakostnaðurinn greitt úr jöfnunarsjóðinum. Ef jöfnunarsjóðurinn dugar ekki til að greiða viðbótarkostnað þá greiðist hann hlutfallslega til hvers liðs.

Um 4. gr. Sett til að tryggja að lið sem fær endurgreitt fái aldrei meira endurgreitt en að meðaltalsferðakostnaði. Inneign gæti myndast ef t.d. aðeins 1 lið væri utan af landi en 9 á höfuðborgarsvæðinu í sömu deild.

ÍBV

- Árni Óðinsson tók til máls og mælti með tillögunni.

- Ingibjörg Jóhannsdóttir tók til máls og mælti með tillögunni.
- Rúnar Guðlaugsson tók til máls og mælti með tillögunni.
- Jónas Sigurðsson tók til máls og var á móti tillögunni.
- Ingibjörg Jóhannsdóttir svaraði úr sæti.
- Viðar Elíasson tók til máls og svaraði Jónasi.
- Páll Bragason tók til máls og lagði fram breytingartillögu (breyting undirstrikuð):

**Tillaga til ályktunar
- Jöfnunarsjóður vegna ferðakostnaðar í deildarkeppni -**

Árþing KSÍ samþykkir að stofna jöfnunarsjóð vegna ferðakostnaðar í landsdeildum karla og kvenna í meistaraflokki (Síma-, 1. og 2. deild karla og Símadeild kvenna) enda fáist kostnaðurinn greiddur úr ríkissjóði.

- Vignir Þormóðsson tók til máls og var samþykkur breytingartilögunni.

Tillagan á þingskjali 14 með áorðnum breytingum var samþykkt með 41 atkvæði gegn 32.

Þingskjal 15

- Framsögu hafði Lúðvík S. Georgsson.

TILLÖGUR FRÁ MILLIÞINGANEFND KSÍ
Sem fylgist með framkvæmd
reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og
samninga og stöðu félaga og leikmanna

Á síðasta árþingi KSÍ var ákveðið að skipa 5 manna millipinganefnd “sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna. Nefndin skili tillögum um þær breytingar sem þörf er á að gera á þessum reglugerðum og nú standa út undan vegna nýrra reglugerða FIFA til stjórnar KSÍ og jafnframt á næsta árþingi KSÍ.”

Í millipinganefndina voru skipaðir eftirfarandi:

Lúðvík S. Georgsson KSÍ, formaður
Björn Guðbjörnsson, Val

Páll Bragason, Stjórnunni
Steinar Þór Guðgeirsson, Fram

Með nefndinni störfuðu að auki:

Geir Þorsteinsson og Birkir Sveinsson, starfsmenn KSÍ.

Nefndin hélt þrjá bókaða fundi.

FIFA kynnti haustið 2001 nýjar reglugerðir um félagaskipti og samningsmál leikmanna, sem tóku gildi 1. september 2001. Setning þessara nýju reglugerða var afleiðing langvarandi togstreitu FIFA/UEFA og Evrópusambandsins (ES) um gildi samninga knattspyrnumanna og sérstöðu knattspyrnunnar sem vinnuarkaðar, sem fylgdi m.a. Bosman-dómnum, og kemur í kjölfar sátta í málinu. Frá upphafi hefur ýmislegt verið óskýrt eða jafnvel túlkunaratriði í nýju reglugerðunum. Nokkurt átak var gert í samræmingu íslensku reglugerðanna við reglugerðir FIFA á síðasta árþingi, svo sem einföldun samningsforma og innleidd ný hugtök sem tilvitnanir í reglugerðir FIFA. Sömuleiðis voru felld út úr reglugerðum KSÍ atriði sem brutu verulega í bága við reglugerðir FIFA. Margt stóð þó útundan, einkum vegna þess að túlkun var óljós. Síðan hafa ýmis atriði orðið skýrari af hálfu FIFA þó að langt

sé í land með að allt sé slétt og fellt, en jafnframt hafa nokkur atriði verið dregin til baka, a.m.k. tímabundið. Nefndin hefur því ákveðið að taka upp ný vinnubrögð í þessum málum og ákveðið að flýta sér hægt, og gera orð Steins Steinars “Undanhald samkvæmt áætlun” að einkunnarorðum sínum.

Helstu breytingarnar sem finna má í þessum tillögum eru eftirfarandi:

1. Gluggar fyrir félagaskipti milli landa eru skilgreindir, með aðalglugga 15. nóv. til 31. maí, en aukaglugga 15. júlí til 31. júlí. FIFA hefur þó verið tregt til að samþykkja þessa niðurstöðu, en við höfum ákveðið að gefa það ekki eftir ef unnt er. Slíkt er sanngirnismál miðað við þær reglur sem gilda annars staðar.
2. Breytt er greinum sem fjalla um hvernig félagaskiptastuðull erlendra ríkisborgara er skilgreindur og færður að eðlilegu vinnulagi. Það þýðir í stuttu máli að skrifstofa KSÍ sendir frá sér sínar tillögur um stuðla með ákveðnum fyrirvörum, en Samninga- og félagaskiptanefnd verður formlegur áfrýjunaraðili, ef útkoman er ekki viðunandi að mati þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Þannig fjallar sami aðili ekki um málið í tvígang.
3. Gert er ráð fyrir að leikmaður geti undirritað samning við félag á því almanaksári sem hann verður 16 ára, þ.e. ári fyrr en nú er. Þetta er til samræmis því að leikmaður getur gert samning við umboðsmann þegar hann er orðinn 16 ára. Slíkur samningur skal þó auðvitað staðfestast af forráðamanni leikmanns (sem er undir 18 ára aldri).
4. Loks eru gerðar ýmsar smá lagfæringar á nokkrum stöðum, til að skýra orðalag eða færa það að því vinnulagi sem eðlilegt er, og hefur verið notað í sumum tilfellum.
5. Loks gerir nefndin tillögur um áframhaldandi eigin lífdaga.

Í stuttu máli þýðir þetta að gildistöku glugga innanlands hefur verið frestað um eitt ár í viðbót, eða þar til við höfum náð samkomulagi við FIFA um þessi mál. Það þýðir jafnframt að ekki er gerður greinarmunur á félagaskiptum í efstu tveimur deildum karla og hjá öðrum. Ekki er hreyft við samningslengdum þeim sem samþykktar voru á KSÍ-þingi í fyrra og ýmislegt fleira má tína til.

Milliþinganefndin

Tillögur nefndarinnar

Reglugerð um félagaskipti leikmanna

Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða verði framlengt og A. 2. hljóði svo (efnislega óbreytt):

Leikmaður er hlutgengur til keppni með því félagi sem hann æfir fyrst knattspyrnu með, svo fremi að félagið hafi látið skrá leikmanninn hjá KSÍ. [Ákvæði til bráðabirgða samþykkt af stjórn KSÍ: Leikmenn 4. aldursflokks karla og yngri og 3. aldursflokks kvenna og yngri, teljast hlutgengir með því félagi sem þeir leika með í fyrsta skipti í Íslandsmóti á almanaksárinu. Kjósi leikmaður að skipta um félag eftir það, fara félagaskipti eftir sömu reglum og gilda í 1. grein hér að ofan. Þó skal heimilt að hafa félagaskipti strax að loknu Íslandsmóti í þessum flokkum.]

Skýring: Enn er beðið eftir að hugbúnaður verði tilbúinn til skráningar (áætlað júlí 2003).

Lagt er til að A. 4. hljóði svo (breytingar undirstrikaðar):

Hafi leikmaður leikið í Íslandsmóti eða Bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu, getur hann aðeins einu sinni farið fram á félagaskipti innanlands til og með 31. júlí. Ákvæði um tímabundin félagaskipti veita þó rýmri heimildir sbr. kafla B. Frá og með 1. ágúst til og með 15. október eru félagaskipti innanlands

ekki heimil, sbr. þó grein 2 hér að ofan. Leikmaður sem skráður er hjá erlendu knattspyrnusambandi getur aðeins gengið til liðs við íslenskt félagslið frá og með 15. nóvember til og með 31. maí ár hvert eða frá og með 15. júlí til og með 31. júlí. Leikmanni er aðeins heimilt að leika með einu félagi í Íslandsmóti innanhúss.

Skýring: Skv. reglugerð FIFA er KSÍ skylt að skilgreina tímabil (glugga) sem heimila félagaskipti til landsins.

Lagt er til að A. 10. hljóði svo (breyting undirstikuð):

Ef félag, sem leikmaður gengur úr, vill ekki undirrita félagaskipti hans, þrátt fyrir að hann hafi fullnægt öllum skuldbindingum sínum gagnvart félaginu, er framkvæmdastjóra KSÍ heimilt að gefa út keppnisleyfi fyrir leikmanninn að undangengnum árangurslausum sáttatilraunum milli félaganna. Í því tilfalli að um ósamningsbundinn leikmann er að ræða getur félag leikmanns aðeins gert kröfu um skil á félags og æfingagjöldum og aðeins ef það hefur verið innheimt af öðrum í sama flokki.

Skýring: Framkvæmdastjóri komi í stað stjórn. Þetta er lagt til þannig að bregðast megi skjótt við þegar ljóst er að óbilgirni kemur í veg fyrir að leikmaður geti tekið þátt í keppni eins og hann hefur rétt til.

Síðasta setningin í A. 7. hljóði svo (viðbót undirstrikuð):

Stuðullinn uppreiknast eftir lok keppnistímabils af skrifstofu KSÍ og miðast aldur þá við næstkomandi áramót. Stuðullinn telst síðan óbreyttur til loka næsta keppnistímabils.

A. 9. hljóði svo (breytingar undirstrikaðar):

Gildi afreksstuðulsins B fyrir leikmann, sem er ekki íslenskur ríkisborgari eða varð það fyrir innan við 4 árum síðan, skal ákvarðað af framkvæmdastjóra KSÍ. Skal hann taka mið af styrkleika leikmannsins miðað við íslenska leikmenn með hliðsjón af skilgreiningu afreksstuðulsins í grein 7. Ákvörðun framkvæmdastjóra má áfrýja til Samninga- og félagaskiptanefndar.

Skýring: Skilið er á milli ákvörðunar stuðuls, sem verður í höndum skrifstofunnar á ábyrgð framkvæmdastjóra, og áfrýjunar sem nefndin tekur fyrir. (Sami aðili fjallar ekki um málið í tvígang).

E. 1. hljóði svo (viðbót undirstrikuð):

Ef leikmaður hyggst leika með erlendu liði og samkomulag er um félagaskiptin við félag hans, skal það senda skrifstofu KSÍ tilkynningu um félagaskiptin á þar til gerðu eyðublaði. Í slíku tilfalli berst KSÍ beiðni frá knattspyrnusambandi erlenda félagsins um að KSÍ gefi út alþjóðlegt flutningsskírteini leikmanninum til handa. Til þess að félagaskipti geti átt sér stað gerir KSÍ kröfu um að til skrifstofu KSÍ berist félagaskiptaeyðublað, a.m.k. útfyllt með dagsetningu, nafni leikmannsins, kennitölu hans, nafni íslenska félagsins og undirritun framkvæmdastjóra þess, stjórnarmanns eða þess sem félagið veitir slíkt umboð (ekki er krafist undirritunar leikmanns né erlenda félagsins). Auk þess gengur skrifstofa KSÍ úr skugga um að leikmaðurinn hafi ekki skipt um félag milli landa síðustu 12 mánuði.

Skýring: Til samræmis við reglur FIFA.

4. mgr. E. 2. breytist og hljóði svo:

Félagaskipti til landsins eru aðeins heimil frá og með 15. nóvember til og með 31. maí ár hvert og á tímabilinu frá og með 15. júlí til og með 31. júlí.

Skýring: Til samræmis við að ofan.

1. mgr. E. 5. breytist og hljóði svo (breyting undirstrikuð):

Hafi leikmaður leikið fyrir annað félag/önnur félög eitthvert af síðustu þremur heilu keppnistímabilum á Íslandi og telst keppnistímabilið standa frá 1. mars til 15. október, skal það/þau eiga hlutdeild í félagaskiptagjaldinu (á við allar bætur nema samstöðubætur).

Reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna

Lagt er til að B. 1. hljóði svo (breytingar undirstrikaðar):

Samningur við leikmann skal vera skriflegur og skal hann gerður á staðalformi frá KSÍ, sem innifelur ákvæði um skyldur félags og leikmanns, hvort sem um sambandsamning eða leikmannssamning er að ræða. Samningnum geta fylgt fylgiskjöl sem kveða á um greiðslur til leikmanns og sektarákvæði við brot á samningi samkvæmt samkomulagi félags og leikmanns, tryggingar, útbúnað og fleira. Allra fylgiskjala með samningi skal getið á staðalformi, ella teljast þau ekki bindandi hluti samnings. Ekki er heimilt að tímamörk fylgiskjals séu víðari en tímamörk staðalformsins. Kvaðir byggðar á slíkum grunni skulu teljast marklausar.

Skýring: Kveðið á um að samningur skuli vera skriflegur.

Lagt til að B. 5. og 6. hljóði svo:

5. Óheimilt er að setja inn í samninga eða fylgiskjöl þeirra ákvæði sem takmarka rétt félags við félagaskipti.

6. Frumrit fullfrágengins samnings við leikmann skal senda skrifstofu KSÍ til skráningar en leikmaður og félag skulu fá sitt afritið hvort eftir undirskrift. Sé samningur ekki gerður skv. 1. grein þessa kafla telst leikmaður ekki samningsbundinn.

Skýring: Í fyrsta lagi er ákveðnar kveðið á um að ekki megi takmarka rétt félags í samningi við leikmann þegar um hugsanleg félagaskipti framtíðar er að ræða og í öðru lagi er tekið út að þetta gildi eingöngu um félagaskipti milli landa. Þá er kveðið á um í 6. gr. hvernig skuli standa að málum að lokinni undirskrift og hvaða afleiðingar það hefur að gera ekki samning á staðalformi KSÍ.

E. 4. hljóði svo (breyting undirstrikuð):

Leikmanni er ekki heimilt að gera samning við félag fyrr en á því almanaksári sem hann verður 16 ára. Ef hann er yngri en 18 ára skal samningurinn einnig staðfestast af forráðamanni hans.

Skýring: Áður var miðað við 17 ár en þar sem umboðsmaður getur gert samning við leikmann þegar hann er orðinn 16 ára þykir rétt að samræmi sé þar á milli.

E. 5. hljóði svo (ný mgr.):

Leikmaður sem gerir samninga við fleiri en eitt félag sem ná yfir sama tímabil skal settur í keppnisbann af framkvæmdastjóra KSÍ þar til málið hefur verið leyst.

Skýring: Í samræmi við reglur FIFA. (Hefur aldrei komið upp á Íslandi).

Lagt er til að F. 1. - 5. hljóði svo (breytingar undirstrikaðar):

1. Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ skal skipuð þrem mönnum og þrem til vara og skal stjórn KSÍ sjá um tilnefningu þeirra. Starfsmenn KSÍ annast daglegan rekstur málefna nefndarinnar undir stjórn framkvæmdastjóra KSÍ. Nefndarmenn skulu víkja ef ákvarðanatataka snertir hagsmuni þeirra eigin félags.
2. Skrifstofa KSÍ skal fá frumrit af undirrituðum leikmannssamningum og sambandsamningum á staðalformi KSÍ og félagaskiptum og sjá um skráningu á þeim. Sérhverjum samningi skal fylgja afrit af öllum fylgiskjölum hans. Framkvæmdastjóri KSÍ er ábyrgur fyrir því að fyllsta trúnaðar og öryggis sé gætt við vörslu þeirra á vegum KSÍ. Áður en samningur er skráður skal félagið sýna fram á að það hafi staðið í skilum vegna þeirra krafna sem mynduðust við undirritun samnings, ella skal skráningu samnings hafnað og báðum samningsaðilum tilkynnt um það. Nefndin skal hafa aðgang að öllum fylgiskjölum með samningi ef hún telur þess þörf vegna ágreiningsmála sem til nefndarinnar koma.
3. Skrifstofa KSÍ skal halda skrá um alla samningsleikmenn og sambandsleikmenn. Þar skal koma fram aldur leikmanns, lengd samningstímabils, afreksstuðull hans samkvæmt Reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna og fyrri félög. Skráin skal birt á heimasíðu KSÍ og skal skrifstofa KSÍ uppfæra afreksstuðla einu sinni á ári í lok nóvember. Leiki landslið í desember sama ár skal skráin uppfærð miðað við það.
4. Skrifstofa KSÍ skal halda skrá um umboðsmenn og geyma afrit af samningum þeirra við leikmenn, samanber Reglugerð KSÍ um umboðsmenn leikmanna.
5. Framkvæmdastjóri KSÍ skal ákvarða afreksstuðul leikmanna, sem eru ekki íslenskir ríkisborgarar eða voru ekki orðnir það fyrir 4 árum. Skal hann taka mið af styrkleika leikmannsins miðað við íslenska leikmenn með hliðsjón af skilgreiningu afreksstuðulsins í grein D 7 í sérákvæðum um félagaskipti innanlands fyrir leikmenn sem eru eða hafa verið samningsbundnir.

Skýring: Reglugerðin færð að raunveruleikanum og skilið á milli verkswiðs skrifstofu og nefndarinnar.

I. 2. h. hljóði svo (staðalsamningur KSÍ):

Leikmaður skal fá afrit af samningi þessum að lokinni undirskrift.

Skýring: Til samræmis við reglugerðina.

1. mgr. í I. 3. b. hljóði svo:

Óheimilt er að setja inn í samninginn eða viðauka við hann ákvæði sem takmarka rétt félags við félagaskipti

Skýring: Til samræmis við reglugerðina.

Tillaga um millipinganevnd

Árþing KSÍ samþykkir að fela stjórn KSÍ að skipa 5 manna millipinganevnd sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna. Nefndin skili tillögum um þær breytingar sem þörf er á að gera á þessum reglugerðum og nú standa út undan vegna nýrra reglugerða FIFA til stjórnar KSÍ fyrir lok næsta keppnistímabils, og jafnframt á næsta árþingi KSÍ.

Millipinganevndin

Tillagan á þingskjali 15 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 16

- Framsögu hafði Lúðvík S. Georgsson.

Tillaga til ályktunar - Leyfiskerfi í Símadeild karla -

Árþing KSÍ samþykkir að tekið skuli upp leyfiskerfi í Símadeild karla frá og með keppnistímabilinu 2003 skv. Handbók KSÍ um leyfiskerfi í Símadeild karla. Jafnframt er stjórn KSÍ falið að sjá til þess að ákvæði þau sem kveðið er á um í Handbókinni séu í samræmi við kröfur Knattspyrnusambands Evrópu.

Greinargerð:

Á síðasta árþingi var samþykkt að reglugerð um leyfiskerfi KSÍ í Símadeild karla skyldi lögð fram til staðfestingar á árþingi 2003. Á síðasta ári voru haldnir fundir með félögum í Símadeildinni og viðkomandi bæjarfélögum til þess að kynna leyfiskerfið og þær kvaðir sem því fylgja.

Handbókin hefur verið þýdd á ensku og send UEFA til staðfestingar. Ekki er ljóst hvenær sú staðfesting fæst. Handbókin verður lögð fram á árþinginu en fylgir ekki tillögunni nú. Hins vegar má finna Handbókina á heimasíðu KSÍ fram að þingi. Óski einhver eftir eintaki fyrir þingið þá er viðkomandi bent á að hafa samband við Ómar Smáráson, sími 510-2904 (omar@ksi.is).

Stjórn KSÍ

- Örn Hafsteinsson tók til máls og lagði fram spurningar um mannvirkjamál.
- Geir Þorsteinsson tók til máls og svaraði.
- Hörður Helgason tók til máls og hrósaði nefndinni.
- Páll Bragason tók til máls og lagði fram spurningar um fullgildingu handbókar.
- Lúðvík S. Georgsson tók til máls og svaraði.

Tillagan á þingskjali 16 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 17

- Framsögu hafði Halldór B Jónsson.

Niðurstaða nefndar
- Breytt aldursskipting í 2. flokki karla -

Ársþing KSÍ 2002 samþykkti að stjórn KSÍ skipaði nefnd til þess að kanna möguleika á breyttri aldursskiptingu í 2. flokki karla, þ.e. styttingu í tvö ár og að búa til nýjan flokk varaliða fyrir þá sem gengnir eru upp úr 2. flokki, en leika ekki að jafnaði með aðalliði síns félags.

Í nefndina voru skipaðir: Halldór B Jónsson, formaður
Björn Friðþjófsson
Grímur Friðgeirsson
Vignir Þormóðsson
Magnús Einarsson

Starfsmaður nefndarinnar var Birkir Sveinsson, mótastjóri KSÍ.

Niðurstaða:

Nefndin telur ekki ástæðu til að breyta aldursskiptingu í 2. aldursflokki karla.

Örstutt greinargerð:

Í núverandi 2. aldursflokki karla eru leikmenn frá og með því almanaksári er þeir verða 17 ára og fram til þess aldursárs er þeir verða 19 ára og að því meðtöldu, það er að segja þrjú árgangar 17, 18 og 19 ára. Yngri aldursflokkar ná aðeins yfir tvö ár, t.d. 3. aldursflokkur þar sem leikmenn eru 15 og 16 ára.

Núverandi keppnisfyrirkomulag í 2. aldursflokki karla er hörð deildaskipt keppni, auk einu bikarkeppni KSÍ í yngri flokkum sem skipulögð er á landsvísu. Leikmenn eru að koma upp úr keppni unglinga og standa margir á þröskuldi meistaraflokks. Skipulag keppinnar er fast í sessi og hefur náð miklum vinsældum - og hefur verið vel heppnað að dómi flestra leikmanna, þjálfara og forráðamanna félaga.

Aðeins nokkur félög á höfuðborgarsvæðinu virðast hafa not af breyttri aldursskiptingu með fyrrgreindum hætti, en fyrir flest önnur félög á svæðinu og örugglega öll félög utan höfuðborgarsvæðisins virðist slík breyting óheppileg. Þegar þess er einnig gætt að nú er félögum boðið upp á þann möguleika að senda aukalið til keppni í yngri flokkum, það er félag með lið í A eða B-deild 2. aldursflokks karla getur sent annað lið til keppni í C-deild 2. flokks (sérstakar reglur um hlutgengi), virðist verða um næg verkefni að ræða fyrir félögin.

Núverandi aldursskipting er talin henta ágætlega fyrir U17 og U19 landslið pílta.

Aldursskipting á öðrum Norðurlöndum er með ýmsum hætti og keppnisfyrirkomulag mismunandi frá landi til lands. Erfitt er því að sækja fyrirmynd þangað, en rétt þykir að greina frá aldursmörkum í þeim löndum.

Norska knattspyrnusambandið heldur aðeins eina unglingskeppni á landsvísu, það er Norgemesterskapet i fotball for Juniorer. Valin eru 128 félög til þátttöku ár hvert í keppninni, sem er í raun 7 umferða bikarkeppni. Leikmenn mega elstir vera 19 ára og að lágmarki 14 ára, en eru í reynd 17 til 19 ára eins og 2. aldursflokkur hér á landi. Önnur keppni yngri flokka í Noregi fer fram í héröðum vegna stærðar landsins, m.a. keppni fyrir Gutter, sem eru leikmenn elstir 16 ára og að lágmarki 12 ára, en í reynd aðallega 15 til 16 ára eins og 3. aldursflokkur hér á landi. Að öðru leiti geta héröð sett sér eigin aldursreglur og ýmis sérákvæði, m.a. um hlutgengi og fjölda eldri leikmanna, en það er sérstaklega nauðsynlegt í strálbýli.

Sænska knattspyrnusambandið heldur riðlaskipt landshlutamót fyrir tvo aldursflokka pílta, annars vegar fyrir leikmenn 17 til 18 ára (juniorer) og hins vegar leikmenn 15 til 16 ára (pojkar). Juniorallsvenskan Elit skiptist í tvo 10 liða riðla, Norður og Suður. Juniorallsvenskan skiptist í þrjá 10 liða landshlutariðla. Alls 16 lið úr þessum riðlum taka síðan þátt í lokakeppni, sem fer fram sem bikarkeppni. Þessi keppni leikmanna 17 til 18 ára í Svíþjóð svipar nánast til keppni 2. aldursflokks hér á landi, sem miðar þó við 19 ára aldursmörk. Í Svíþjóð fer einnig fram keppni í Pojkallsvenskan (15 til 16 ára), sem skiptist í sex 10 liða landshlutariðla með tilheyrandi lokakeppni. Þetta eru sömu aldursmörk og í 3. aldursflokki hér á landi. Verulegt tillit er tekið til stærðar landsins við skipulag keppni yngri flokka í Svíþjóð og geta verið mismunandi reglur, m.a. um aldursmörk og notkun eldri leikmanna í einstökum héröðum (24 talsins).

Danska knattspyrnusambandið heldur landskeppni fyrir tvo aldursflokka pílta, fyrir 15 til 18 ára (í reynd 17 til 18 ára) og fyrir 13 til 16 ára (í reynd 15 til 16 ára). Ungdoms-DM skiptist annars vegar í Ynglinge Ligaen, landskeppni 12 liða og leikmenn elstir 18 ára, og Ynglinge Divisioner, landshlutakeppni 18 liða og leikmenn elstir 18 ára, og hins vegar í keppni í Junior Ligaen, landskeppni 12 liða og leikmenn elstir 16 ára, og Junior Divisioner, landshlutakeppni 18 liða og leikmenn elstir 16 ára. Aldursmörk þessara flokka eru því þau sömu og í Svíþjóð.

Finnska knattspyrnusambandið heldur eingöngu landskeppni fyrir elsta aldursflokk pílta, sem er fyrir leikmenn 18 til 20 ára. Landshlutakeppni er fyrir pílta 16 til 17 ára. Leikmenn þessara flokka eru því ári eldri en í sambærilegum flokkum hér á landi.

Upplýsingar liggja ekki fyrir um aldursskiptingu yngri flokka í Færeyjum.

Nefndinni var falið að kanna aldursskiptingu í 2. flokki karla, þ.e. styttingu í tvö ár og möguleika á að búa til nýjan flokk varaliða fyrir þá sem gengnir eru upp úr 2. flokki, en leika ekki að jafnaði með aðalliði síns félags. Þar sem nefndin leggur ekki til breytingar á aldursskiptingu 2. flokks karla, taldi hún að áframhald tillögunnar væri fallið niður.

Það breytir því ekki að áfram eru uppi hugmyndir um að leyfa félögum að senda aukalið í deildakeppnina skv. ákveðnum takmarkandi reglum, m.a. um hlutgengi leikmanna, flutning milli deilda, o.fl. Lið sem nú taka þátt í 1. flokki myndu væntanlega koma þar inn. Ljóst er að slík útfærsla hefur sína kosti og galla. Þessar hugmyndir hafa hins vegar ekki náð fram að ganga á ársþingum KSÍ til þessa.

Reykjavík, 15. desember 2002,
f. h. nefndar um breytta aldursskiptingu í 2. flokki karla

Halldór B Jónsson
formaður nefndarinnar

Önnur mál

- Eggert Magnússon afhenti Þór kvennabikarinn.
- Eggert Magnússon afhenti Drago stytturnar, til ÍA í Símadeild karla og til Breiðabliks í 1. deild karla.
- Viðar Elíasson tók til máls og vildi fá ályktun frá þinginu um ferðajöfnunarsjóð íþróttafélaga.

Eggert Magnússon tók til máls og lagði til að haldinn yrði fundur með alþingismönnum.

Samþykkt var svohljóðandi ályktun frá ÍBV:

57. ársþing KSÍ haldið á Hótel Loftleiðum 8. febrúar 2003 hvetur þingmenn landsins til að hraða meðferð tillögu um ferðajöfnunarsjóð íþróttafélaga í gegnum nefndir alþingis og koma með niðurstöðu í þessu máli fyrir þinglok vorið 2003.

Kosningar

- Álit kjörnefndar flutti Viðar Halldórsson.

Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:

Nefndin gerði tillögu um eftirtalda aðila í fjögur sæti í aðalstjórn til tveggja ára og voru þeir sjálfkjörnir:

Ágúst Ingi Jónsson	ÍBR
Björn Friðþjófsson	UMSE
Eggert Steingrímsson	ÍBR
Halldór B Jónsson	ÍBR

Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs:

Nefndin gerði tillögu um eftirtalda sem aðalfulltrúa landshluta til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir.

Vesturland	Jakob Skúlason	UMSB
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson	UMSS
Austurland	Guðmundur Ingvason	UÍA
Suðurland	Einar Friðþjófsson	ÍBV

Kosning til varastjórnar til eins árs:

Nefndin gerði tillögu um eftirtalda í varastjórn til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir.

Jóhannes Ólafsson	ÍBV
Kjartan Daníelsson	ÍBR
Þórarinn Gunnarsson	ÍBR

Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs:

Nefndin gerði tillögu um eftirtalda sem varafulltrúa landshluta til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir.

Vesturland	Elías Jónatansson	HSB
Norðurland	Aðalsteinn Sigurgeirsson	ÍBA
Austurland	Valgeir Kjartansson	UÍA
Suðurland	Einar Jónsson	HSK

Kosning fulltrúa á íþróttþing KSÍ:

Nefndin lagði til að skipun fulltrúa á íþróttþing yrði vísað til stjórnar og var það samþykkt.

Kosning skoðunarmanna KSÍ:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir.

Aðalmenn	Hannes Þ. Sigurðsson Haukur Gunnarsson
Varamenn	Reynir Karlsson Þórður Þorkelsson

Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda í áfrýjunardómstól KSÍ og voru þeir sjálfkjörnir.

Aðalmenn	Jón Steinar Gunnlaugsson Jón Gunnar Zoëga Guðmundur Jónsson
Varamenn	Guðmundur Pétursson Guðmundur Þórðarson Helgi V. Jónsson Jóhannes Albert Sævarsson Lúðvík Örn Steinarsson

Kosning í dómstól KSÍ:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda í dómstól KSÍ og voru þeir sjálfkjörnir.

Ásbjörn Jónsson
Gunnar Guðmundsson
Halldór Frímannsson
Halldór Halldórsson
Hilmar Gunnlaugsson

Kosning í leyfiráð KSÍ:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda í leyfiráð KSÍ og voru þeir sjálfkjörnir.

Lúðvík S Georgsson, formaður
Dýri Guðmundsson
Páll Bragason
Steinar Þór Guðgeirsson
Örn Gunnarsson

Kosning í leyfisdóm KSÍ:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda í leyfisdóm KSÍ og voru þeir sjálfkjörnir.

Sveinn Jónsson, formaður
Einar Árnason
Elías Hergeirsson
Sigurður Halldórsson
Stefán Gunnlaugsson

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir.

Viðar Halldórsson, formaður
Árni Óðinsson
Páll Bragason

Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.

Þingslit:

Þingforseti þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og fól Eggerti Magnússyni, formanni KSÍ, að slíta þingi.

Eggert þakkaði Jóhanni Ólafssyni fyrir góð störf í þágu sambandsins en Jóhann sat í stjórn KSÍ frá 1975. Eggert bauð Kjartan Daníelsson velkomin í stjórn.

Eggert þakkaði starfsmönnum þingsins og starfsfólki KSÍ góð störf og óskaði þingheimi góðrar heimferðar. Að svo loknu sleit Eggert Magnússon, formaður KSÍ, 57. ársþingi sambandsins.

Sveinn Jónsson
1. þingforseti

Ingvi Guðmundsson
1. þingritari

Steinn Halldórsson
2. þingforseti

Klara Bjartmarz
2. þingritari